

## Nýútkomið í A.-deild Stjórnartíðindanna.

*Lög um bæjarstjórn á Seyðisfirði*, undirskrifuð af konungi 8. maí 1894, ásamt þýðingu (A. nr. 15, bls. 90—105).

*Konungleg auglýsing* um, að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs, undirskrifuð af konungi 14. maí 1894 (A. nr. 16, bls. 106—107).

*Auglýsing* um austurlenzka kólerusótt í Lissabon o. fl., undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 16. maí 1894 (A. nr. 17, bls. 108—109).

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu um 39**  
**vanrækslu hreppsnefnda í samning kjörskráa.** — Þjer hafð, herra amtmaður í þókn- 27. febr. anlegu brjefi, dags. 13. desbr. f. á., tjáð mjer, að ýmsar hreppsnefndir í ömtum yðar hafi stundum að undanfögnu og sjerstaklega síðastliðið ár sýnt talsvert hirðuleysi í því, er lýtur að skyldum þeirra samkvæmt kosningarlögnum 14. sept. 1877, og hafð þjer sjerstaklega til þess nefnt Svalbarðsstrandar-, Grýtubakka-, Helgastaða-, Kelduness-, Axarfjarðar-, Fjalla-, Presthóla-, Svalbarðs- og Sauðanesshreppa í Þingeyjarsýslu, og Geithella-, Beruness-, Eiða- og Skriðdalshreppa í Suður-Múlasýslu; en frá engum af þessum hreppum hafa kjörskrár komið í tæka tíð. Jeg skal því þjónustusamlega leggja fyrir yður, herra amtmaður, að áminna nefndar hreppsnefndir um að gæta vandlega skyldu sinnar framvegis í þessu efni og tjá þeim, að ef framvegis verði brögð að vanrækslu af þeirra hálfu, muni að því reka, að ekki verði hjá því komizt að láta þær sæta ábyrgð eptir lögunum.

**Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um makaskipti á kirkjujörð 40**  
 (ágríp). — Með brjefi þessu tilkynnti ráðgjafinn, að konungur hefði 8. s. m. 14. marz. veitt samþykki til makaskipta á kirkjujörðinni Vígholtsstöðum, tilheyrandi Hjarðarholtskirkju í Dalaprófastsdæmi, og bænda eigninni Sámsstöðum í Laxárdalshreppi, þannig, að hin fyrnefnda jörð verði að því er gjaldskyldu snertir eptirleidis skoðuð sém bænda eign, en hin síðarnefnda verði sett jafnhliða öðrum kirkjujörðum.

**Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi handa prestakalli til 41**  
**húsakaupa á kirkjujörð (ágríp).** — Með brjefi þessu var leyfð 256 kr. lántaka, 13. apríl. þannig, að lánið skyldi endurgreiðast á 20 árum auk 4% vaxta, gegn veði í tekjum Hofsprestakalls í Vopnafirði, til þess að kaupa nauðsynleg hús á kirkjujörðina Hraunfell.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um 42**  
**niðurfjöfnun á jafnaðarsjóðsgjaldi (ágríp)** — Samkvæmt tillögum amtmanns sam- 17. apríl. þykkti landshöfðingi, samkvæmt 56. gr. í tilsk. 4. maí 1872, að jafnað væri

11. dag júnímán. 1894.

- 42** niður á sýslufjelögin jafnaðarsjóðsgjaldi, að upphæð 3883 kr., fyrir árið 1894, 17. apríl. þótt upphæð þessi væri meira en fjórðungi hærri en gjaldið hefir verið að meðaltali næst undan farin 3 ár.
- 43** Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um 18. apríl. flutning á þingstað (ágríp). — Með brjefi þessu var samþykkt, að þingstaðurinn í Þingeyrarhreppi verði fluttur frá Meðaldal að Þingeyri, og sjái hreppsnefndin fyrir hæfilegu húsi til þinghaldanna.
- 44** Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um 18. apríl. hlunnindi handa sparisiði (ágríp). — Með brjefi þessu voru sparisiðnum á Ísafirði endurveitt hlunnindi þau, er ræðir um í tilsk. 5. jan. 1874, um næstkomandi 10 ára tímabil, frá 11. júní þ. á., með venjulegum skilyrðum.
- 45** Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi til húsabygginga 18. apríl. handa prestakalli (ágríp). — Með brjefi þessu var með venjulegum skilyrðum veitt leyfi til þess að veðbinda tekjur Hvammsprestakalls í Dalaprófastsdæmi fyrir 3000 kr. láni til 28 ára, til þess að byggja á prestssetrinu nýtt timburhús, 14½ al. á lengd og 9½ al. á breidd, er komi í stað bæjarhúsa, er nú fylgja staðnum.
- 46** Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi handa prestakalli 18. apríl. til húsabóta á prestssetri (ágríp). — Með brjefi þessu var leyft að veðbinda tekjur Setbergsprestakalls í Snæfellsnessprófastsdæmi fyrir 800 kr. láni til 24 ára til nauðsynlegra bóta á hinu núverandi húsi á prestssetrinu.
- 47** Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja, um gjöld til fulltrúa stjórn- 18. apríl. arinnar á aukapönginu 1894. — Samkvæmt allraþegnsamlegustum tillögum ráðgjafans fyrir Ísland, hefur hans hátign konunginum 12. þ. m. allramildilegast þóknast að samþykkja, að gjöldin til fulltrúa stjórnarinnar á aukapönginu 1894 sje ákveðin 1000 krónur.
- Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B.-deild stjórnartíðindanna.
- 48** Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um strandferðir samkvæmt ferðaáætlun 18. apríl. alþingis. — Vegna þess að hinar fyrirhuguðu strandferðir kringum Ísland, sem veittar eru til 25000kr. á ári í 12. gr. b. a. 2. í fjárlögunum fyrir 1894 og 1895, hafa ekki getað komizt á, vil jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B.-deild Stórnartíðindanna, hvað gjört hefur verið til þess að koma nefndu fyrirtæki í kring.